

Skýrsla stjórnar SUT

Starfsárið 2011-2012



Formaður stjórnar:

Hilmar Veigar Pétursson CCP

Meðstjórnendur:

Ágúst Einarsson EMR

Daði Friðriksson Tölvumiðlun

Hrannar Erlingsson Maritech

Jón Kristjánsson Men&Mice

Magnús Norðdahl LS Retail

Sigrún Eva Ármannsdóttir Advania

Tengiliður við SI

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir

Við lok starfsárs 2011-2012 eru innan SUT, samtaka upplýsingatæknifyrirtækja, 49 fyrirtæki, bæði stór og smá, sem starfa á fjölbreyttum vettvangi upplýsingatækniðnaðar.

Á árinu tók stjórn SUT í notkun nýtt lógó og er tillaga fyrir aðalfundinum um að samhæfa betur heiti félagsins bæði á íslensku og ensku, sbr. „Samtök upplýsingatæknifyrirtækja“ og „Icelandic IT Industry“.

Á s.l. starfsári hefur áherslan verið á sex forgangsverkefni sem skilgreind voru og kynnt á síðasta aðalfundi, þau eru:

- Aðgangur að hæfu starfsfólki fyrir UT-fyrirtæki
- Tryggja samkeppnisumhverfi UT-iðnaðarins
- Styrkja ímynd og efla kynningarmál UT-fyrirtækja
- Aðgengi UT-fyrirtækja að erlendum mörkuðum
- Fjárfestingar
- Samstarf SUT fyrirtækja og samstarfsaðila

Í þessari samantekt verða aðgerðir innan ofangreindra áhersluverkefna kynntar nánar.

Aðgangur að hæfu starfsfólki fyrir UT-fyrirtæki

Markmiðið er að tryggja aðgengi íslenskra fyrirtækja að vel menntuðu og reynslumiklu starfsfólki.

Leitað verði leiða til að fjölga þeim sem velja sér nám á tölvunarfræðiskorum háskólanna og til að menntunin sem í boði er uppfylli sem best þarfir atvinnulífsins. Einnig verði hægt að ráða til starfa hæfustu erlenda sérfræðinga.

- Leitað eftir nánara samstarfi við tölvunarskor háskólanna um kynningu á námi og þróun á námsframboði.
- Samstarf við þær stofnanir sem hafa með að gera leyfivæitingar fyrir sérfræðinga og fjölskyldur þeirra sem koma til starfa í tækni- og hugbúnaðarfyrtækjum með ríkisfang utan EES – Innanríkisráðuneytið vinnur nú að breytingum á lögum er varðar málefni útlendinga utan EES (sjá skýrslu ráðuneytisins frá 2012).
- Þrýsta á að skattaumhverfi fyrir erlent starfsfólk hvetji þá til búsetu á Íslandi.
- Greina hvaða „lífsgeði“ laða fólk mest að, hvernig við komum þeim best til skila og hvaða hópar það eru sem við viljum ná til.

Staða verkefna:

Þróun nýrrar námsbrautar í upplýsingatækni á framhaldsskólastigi

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Verzlunarskóli Íslands eru að þróa nýja námsbraut í upplýsingatækni / tölvunarfræði í samstarfi við SUT, HÍ og HR. Fulltrúar SUT í þeirri vinnu eru Gunnar Zoega frá Nýherja og Sigrún Eva Ármannsdóttir frá Advania. Ef allt gengur að óskum mun vinnu við námsbrautargerð ljúka fyrir vorið þannig að hægt verði að kynna hana sem valkost nk. vor og hefja kennslu haustið 2013.

Dómari í „IT software solutions for business“ á World skills í Leipzig 2013

SUT mun í samvinnu við 3f, félag um upplýsingatækni og menntun, senda dómara til að dæma í hugbúnaðar keppnisgreininni á alþjóðlega mótinum “World skills” sem haldin verður í Þýskalandi í júlí á næsta ári. Sólveig Friðriksdóttir sem kennir upplýsingatækni og tölvunotkun hjá Verslunarskólanum hefur tekið að sér að vera þar fulltrúi okkar. Markmiðið með þessu framtaki er að kynnast keppnisgreininni þannig að hægt verði að setja upp áþekka keppni á Íslandsmóti iðn- og verkgreina sem haldið er annað hvert ár. Einnig að hægt verði að senda lið á alþjóðlegu keppnina í framtíðinni.

GERT – Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni - aðgerðaáætlun

Vinnuhópur á vegum SI, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Menntamálaráðuneytisins auk fulltrúa frá Menntavísindasviði og Námsmatsstofnun hafa unnið að gerð aðgerðaáætlunar frá því s.l. vor. Þessi vinna verður kynnt fyrir áramót og er aðgerðunum ætlað að styðja við markvissari vinnu í grunnskólum landsins við að auka áhuga og efla kennslu á þessum sviðum þar.

Átaks- og markaðsáætlunin „Inspired by Icelandic Innovation“

Í framhaldi af stefnumótunarvinnu tækni- og hugverkagreina í maí 2011 er vinnuhópur á vegum SI og Íslandsstofu að vinna að mótun og útfærslu verkefnisins.

Hugmyndin að verkefninu er fengin hjá þjóðum sem vinna markvisst að því að laða til sín framsækin fyrirtæki og hæfileikaríkt fólk með umfangsmikilli kynningarstarfsemi og skattalegri hvatningu, sbr. [myndband frá Nova Scotia](#). Íslendingar þurfa að herða róðurinn og styrkja sig verulega í harðri samkeppni um fólk og fyrirtæki framtíðarinnar ef þeir ætla að reka nútímalegt samfélag og veita landsmönnum samkeppnisfær lífskjör. Ætlunin er að byggja upp markaðsverkefni sem hefur þá áherslu að vekja athygli á Íslandi sem stað til nýsköpunar. Mikilvægt þykir að verkefnið hafi einnig skírskotun í það að vekja áhuga og efla nýsköpun hjá íslenskum fyrirtækjum. Markmiðið er að skapa tiltrú á íslenskum útflutningslausnum og á Íslandi fyrir gott starfsumhverfi fyrir fyrirtæki og fólk sem vinnur að nýsköpun á alþjóðlegan mælikvarða.

Morgunverðarfundir hugverkafyrirtækja SI

Morgunverðarfundur SUT í maí s.l. fjallaði um leiðir til að laða að hæfileikaríkt og áhugasamt fólk í tækni- og hugverkageirann. Fjallað var um stöðuna á Íslandi varðandi aðgengi að tæknifólki og þá alvarlegu stöðu sem við erum í varðandi nýliðun á næstu árum. Þá voru reynslusögur frá nokkrum fyrirtækjum þ.e. hvernig þau eru að bregðast við þessari stöðu og svo umræður í lok fundar.

Tryggja samkeppnisumhverfi UT-iðnaðarins

Markmiðið er að tryggja sanngjarnt og hvetjandi samkeppnisumhverfi fyrir upplýsingatækniiðnaðinn bæði á heimamarkaði sem og á erlendum mörkuðum.

- Vinna að því að fyrirkomulag varðandi undanþágur á greiðslu/endurgreiðslu á virðisaukaskatti sé sanngjarnt og raski ekki samkeppnisstöðu.
- Stuðla að því að upplýsingar og fræðsla um þær skattaávilnanir og styrki sem í boði eru hérlendis berist til fyrirtækjanna.
- Vera virk í umræðu og ákvarðanatöku varðandi ríkjandi staðla í upplýsingartækni, upplýsingarmiðlun og innleiðingu þeirra.
- Leita leiða til að efla skilning á þeirri nýsköpun (þjóðhagslegri hagkvæmni) sem útivistun verkefna hjá opinberum stofnunum og fyrirtækjum leiðir af sér og að þeim vinnubrögðum verði fylgt eftir innan stofnana, sbr. „betri þjónusta fyrir minna fé“.
- Stuðla að því að lög- og reglugerðir og aðrar áherslur opinberra aðila tryggi samkeppnishæfni.
- Afla upplýsinga um erlenda styrki sem fyrirtækin geta sótt í, bæði norræna og evrópska.

Staða verkefna:

Fulltrúi SUT í stjórn Icepto

Icepto er hlutlaus samstarfsvettvangur opinberra aðila, einkafyrirtækja og lausnaraðila um rafræn viðskipti. Á aðalfundi Icepto í febrúar s.l. tók Hrannar Erlingsson frá Maritech sæti í stjórn félagsins. Í framhaldi af því eða í maí s.l. bauð Icepto félagsmönnum SUT til upplýsingafundar um stöðu mála í rafrænum viðskiptum. Því miður var fremur dræm þátttaka fulltrúa SUT á þessum fundi.

Fulltrúi SUT í framkvæmdaráði FUT

FUT er fagstaðlaráð í upplýsingatækni innan Staðlaráðs Ísland.

SUT leitaði eftir því að fá að tilnefnda fulltrúa frá SUT í framkvæmdaráð FUT. Niðurstaðan varð sú að líta á Sigrúnu Gunnardóttur, Maritech, sem er fulltrúi Ský í nefndinni sem talsmann SUT.

Styrkir frá NOPEF

Norræni [verkefnasjóðurinn NOPEF](#) hélt kynningarfund í mars s.l. en hlutverk hans er að hvetja til þátttöku norrænna fyrirtækja í verkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum hagstæð, vaxtalaus lán og styrki til undirbúnings verkefna í löndum utan EES.

Breytt verkaskipting – útvistun

Í nóvember s.l. áttu fulltrúar SUT fund með þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra. Ræddar voru áherslur SUT um að kerfisbundið verði unnið að því að hið opinbera og stofnanir þess skynji og skilji þörfina, mikilvægi og ávinning þess að leita í auknum mæli til einkageirans með úrlausn verkefna á sviði upplýsingatækni, í stað innvistar. Mjög vel var tekið í að vinna saman að þessu og ráðherra fól starfsmönnum sínum að fylgja verkefninu eftir í samvinnu við okkur. Því miður hefur ekki orðið framhald á vinnunni þar sem skipt var um ráðherra og ráðuneytið síðan lagt niður og verkefni flutt annað. Nú er hins vegar mikilvægt að taka upp þráðinn í nýstofnuðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og/eða fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Styrkja ímynd og efla kynningarmál UT-fyrirtækja

Markmiðið er að auka trú stjórnvalda og almennings á mikilvægi þriðju/fjórðu stoðinnar í íslensku atvinnulífi og nýta það svigrúm sem skapast til að fá mikilvæg verkefni sett í framkvæmd.

- Standa sameiginlega að kynningu á upplýsingatækniáætlunum með greinaskrifum, ráðstefnuhaldi, upplýsinga- og fræðslufundum, samstarfi við hagsmunaaðila og virkri þátttöku í málefnum liðandi stundar.
- Halda á lofti tölræðilegum upplýsingum um iðnaðinn.

Staða verkefna:

TækniFæri - gestakennari í boði SUT

TækniFæri gengur út á það að bjóða nemendum í 7. bekk valinna skóla gestakennara í tvöfaldan enskutíma þar sem samþætt er forritunar og enskukennsla. Raket Sölvadóttir á hugmyndina að þessu verkefni og var fyrirtækið hennar Skema fengið til að útfæra það. Sex skólar (Nausta- og Brekkuskóli á Akureyri, Grundaskóli á Akranesi og Breiðholts-, Breiðagerðis- og Ölduselsskóli í Reykjavík) tóku boðinu og eru því um 300 nemendur sem taka þátt. Lögð var áhersla á að hafa samband við fræðslufyrirvöld sveitarfélaganna, skólastjóra umræddra skóla og kennara í ensku og upplýsingatækni þar sem þeir eru tiltækir (sem var sjaldnast). Gerð var könnun í lokin bæði meðal nemenda og þeirra starfsmanna skólans sem komu að verkefninu. Niðurstöður verða ljósar í lok nóvembermánaðar en þá er verkefninu lokið.

UT messan

[UTmessan](#) verður haldin í Hörpunni í þriðja sinn 8. og 9. febrúar 2013. UTmessan 2012 var á Grand Hótel í febrúar s.l. en messan er á vegum Ský. SI hefur verið boðið að vera aðili að sýningunni og þ.a.l. taka þátt í undirbúningsvinnu og skipulagningu. Tilgangur messunnar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar og áhrifum hennar á einstaklinga, fyrirtæki og íslenskt samfélag. Markmiðið er að sjá marktæka fjölgun nemenda sem velja tæknigreinar í háskólum landsins og vekja áhuga almennings á upplýsingatækni og mikilvægi hennar á öllum sviðum daglegs lífs. Á messunni er jafnframt veitt upplýsingatækniverðlaun Ský sem eru heiðursverðlaun fyrir framúrskarandi framlag til upplýsingatækni á Íslandi. Marius Ólafsson fékk verðlaunin 2012 sem „faðir internetsins á Íslandi“.

BOXID – framkvæmdakeppni framhaldsskólanna

[BOXID](#) verður haldið í annað sinn fyrstu helgina í nóvember en þessi keppni er haldin af HR, SI og Sambandi íslenskra framhaldsskólanema. Allir framhaldsskólar landins geta tekið þátt í forkeppni en átta lið komast áfram í lokakeppnina. Markmiðið er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði. Þrátt fyrir atvinnuleysi hér á landi er verulegur skortur á tæknimenntuðu fólki. Aðkoma og þátttaka fyrirtækjanna er lykillinn að keppninni en átta fyrirtæki taka þátt í hvert sinn og hanna þraut sem tengist starfsemi þess. Þau SUT fyrirtæki sem hafa tekið þátt eru Mentor og Betware 2011 og Marorka og Skema 2012.

Aðgengi UT-fyrirtækja að erlendum mörkuðum

Markmiðið er að styðja við upplýsingatækniiðnað við að skapa sér að tækifæri á erlendum mörkuðum bæði tæknilega, markaðslega, þekkingalega og fjárhagslega.

- Tryggja fyrsta flokks gagnaflutninga/niðurhal milli Íslands og annarra landa á samkeppnishæfu og sanngjörnu verði.
- Náin samvinna við það stuðningsnet sem er til staðar með virku samstarfi og tryggu upplýsingaflæði við þessa aðila. Lögð verði áhersla á að nýta sérhæfni hvers aðila fyrir sig.
- Kanna hvort tækifæri séu í tengslum við þá þróunaraðstoð sem veitt er á vegum Íslands.

Staða verkefna:

Samstarf við Íslandsstofu

Áherslan hér hefur verið á áframhaldandi samstarf við Íslandsstofu. Íslandsstofa stóð fyrir stefnumörkun skv. aðferðafræðinni „Air Opera“ þar sem kortlagðir voru þeir þættir sem gætu gagnast UT fyrirtækjum best við komast inn á erlenda markaði. Í framhaldi af því réðst Íslandsstofa í það verkefni að láta kortleggja upplýsingageirann á Íslandi skv. klasahugmyndafræðinni þar sem lögð er áhersla á að greina hvar helstu tækifærin liggja og hvernig best sé að vinna þau áfram. Magnús S. Norðdahl er fulltrúi SUT í vinnuhóp um umrædda kortlagningu.

Fjárfestingar

Markmiðið er að stuðla að bættu aðgengi upplýsingaiðnaðarins að fjármagni til rekstrar og þróunar.

- Fylgjast með þróun á fjármálamörkuðum, s.s. „First North“ á vegum norrænu Kauphallanna.
- Knýja frekar á um skattaafslátt á fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum.

Staða verkefna:

Kortlagning SUT fyrirtækja

Til að fá betri yfirsýn yfir þá fjölbreytni sem er meðal fyrirtækja innan SUT var ákveðið að leita til þeirra eftir upplýsingum sem gefa skýrari mynd af stöðu, stærð og verkefnum fyrirtækjanna. Því var sendur spurningarlisti á þau 48 fyrirtæki sem skráð voru í SUT s.l. sumar. Svörun var um 80% eða 38 fyrirtæki. Niðurstaðan var eftirfarandi. Heildarveltan uppá 45,6 ma, þar af 61% vegna viðskipta erlendis. Fjöldi starfsmanna var 2304, þar af 35% sem starfa erlendis og meðalvelta á starfsmann því 19,8 milljónir á ári. Meðalfjöldi starfsmanna í fyrirtækjum er 61 en ef fyrirtækin eru flokkuð eftir fjölda starfsmanna þá eru;

- 12 fyrirtæki með starfsmenn undir 10
- 19 fyrirtæki með starfsmenn milli 10 til 49
- 4 fyrirtæki með starfsmenn milli 50 og 99
- 3 fyrirtæki með starfsmenn yfir 100

Alls 23 fyrirtækjanna skilgreindu starfsemi sína sem „Hugbúnaðarþjónusta; Viðskiptahugbúnaður og sérhæfðar lausnir fyrir atvinnugreinar“ og „Sérhæfð hugbúnaðarþróun“ og 14 við „Viðskiptagreind og stefnumótandi ráðgjöf“. Flest fyrirtæki skilgreindu sig undir tvo eða fleiri flokka og flest að þau væru á B2B markaði.

Skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa

Verið er að vinna að því að koma í gegn um þingið frumvarpi til laga um skattaafslátt vegna hlutabréfakaupa sem ætlað er að hvetja til aukinnar fjárfestingar í litlum og meðalstórum nýsköpunarfyrirtækjum. Hátækni- og sprotavettvangur hefur verið leiðandi í þessari vinnu og er fulltrúi SUT þar Ágúst Einarsson EMR. Vonir eru enn bundnar við að þetta frumvarp náist í gegn á þessu ári.

Morgunverðarfundir hugverkafyrirtækja SI

Á morgunverðarfundum CTI var lögð áhersla á þá gjá sem er á milli fjárfesta og frumkvöðla. Fundurinn hjá SSP var síðan áframhald þar sem fulltrúar NSA og Frumtaks voru boðaðir og þessi mál rædd út frá sjónarmiðum beggja aðila.

Samstarf SUT fyrirtækja og samtarfsaðila

Markmiðið er að upplýsingatæknifyrirtæki standi saman að eflingu greinarinnar og tryggi að allir hagsmunaaðilar hafi upplýsingar um hana.

- Greina hvaða hagtölur/upplýsingar skipta máli.
- Vinna að því að að „réttum“ upplýsingum sé safnað og aðgengi tryggt.
- Fá fleiri UT-fyrirtæki inn í SUT.

Staða verkefna:

Business registry Hagstofunnar

Eitt að þeim markmiðum sem mikið hefur verið barist fyrir er bætt hagtölugerð og er Hátækni- og sprotavettvangurinn kjörinn til að koma þeim skilaboðum á framfæri. Því eru miklar vonir bundnar við þróun nýs „Business registry“ á Íslandi að evrópski fyrirmynd. Þetta verkefni er fjármagnað að miklu leiti í gegnum IPA styrk sem fékkst í verkefnið.

Tölfræði frá Hagstofunni

Á meðan beðið er eftir betri tölfræði er mikilvægt að vinna úr þeim tölum sem til eru á þann hátt að þær verði auðveldlega samanburðarhæfar á milli ára og gefi þannig vísbendingar um þróun. Því var ákveðið að óska eftir veltutölum og starfsmannafjöldatölum út frá þeim ISAT númerum sem fyrirtækin innan SUT eru skráð undir.

Þetta eru ISAT nr. og flokkar;

58210	Útgáfa tölvuleikja
58290	Önnur hugbúnaðarútgáfa
62010	Hugbúnaðargerð
62020	Ráðgjafastarfsemi á sviði upplýsingatækni
62030	Rekstur tölvukerfa
63110	Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfsemi
63990	Önnur ótalin starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu

Undir þetta flokkuðust 698 fyrirtækið árið 2011 sem er 12% fjölgun frá 2008. Velta án virðisauka er kr. 50,2 ma. og jókst um 19% frá 2008 (m.v. verð hvers árs). Fjöldi starfsmanna í þessum fyrirtækjum er 3516 og fjölgaði um 8,8% frá árinu 2008 og meðalfjöldi starfsmanna á fyrirtæki því 5 og lækkaði um 3% frá 2008.

Nánari upplýsingar um þetta verður að finna á heimsíðu SI.

Hátækni- og sprotavettvangur - HSV

Nýr samstarfssamningur var undirritaður á árinu og að þessi sinni bættust fleiri ráðuneyti við.

Markmið vettvangsins er að vinna að eflingu starfsskilyrða og uppbyggingu tækni- og hugverkafyrirtækja á Íslandi. Forsætisráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, utanríkisráðuneyti, velferðaráðuneyti, Samtök leikjaframleiðenda, Clean Tech Iceland, Samtök heilbrigðisidnaðarins, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja, Samtök upplýsingatækniyrirtækja og Samtök iðnaðarins, eru aðilar að samstarfssamningnum. Fulltrúi SUT í vettvangnum er Ágúst Einarsson EMR.

Að lokum

Eins og á undanfarin ár er skortur á sérhæfðu og tæknimenntuðu fólki mikið áhyggjuefni margra fyrirtækja í greininni. Því hafa þau verkefni sem lúta að því fengið mikið vægi í vinnu stjórnarinnar undanfarið ár. .

Styrkur samtaka eins og SUT liggur alfarið í áhuga þeirra fyrirtækja sem standa að baki þeim og því er virkni félagsmanna forsenda þess að ná fram breytingum. Ég hvet því alla til að vera virka í þessu samstarfi og koma þannig skilaboðum greinarinnar sterkara á framfæri.

Að lokum þakka ég öllum fyrir samstarfið undanfarin ár og um leið afhendi ég kyndilinn til næsta formanns samtakanna.

Hilmar Veigar Pétursson CCP